

272. Stjórnarfundur FEBRANG 02/03/2026 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon, Svavar Ólafsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir og Svavar Hauksson. Sigurborg Óskarsdóttir boðaði forföll..

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð. Svavar Hauksson les síðustu fundargerð.

1. Fundargerð frá 9. Febrúar lesin og samþykkt.
2. Aðalfundur FEBRANG verður haldin 23. Mars nk. Kaffinefnd er tilbúin til starfa og sömuleiðis fundarstjóri sem verður Kristján Arason sóknarprestur.
Söngatriði að öllum líkindum klárt. Einar er tilbúinn með ársreikninga. Finnur, Ásdís og Dísá hittast 5. Febrúar til að gera ársskýrslu stjórnar. Lagabreyting rædd og framkvæmd hennar á aðalfundi. Lagt er til að þeir félagar sem eru orðnir 90 ára borgi ekki árgjald. Breytingar á félagsgjöldum einnig ræddar.
Samþykkt að hækka félagsgjald um 500 kr. Félagsgjald yrði þá 4500 kr.
Senda boð á héraðsnefnd.
3. Meirhluti stjórnar fór ásamt starfsmanni á fund FEBSUÐ þann 24. Febrúar sl. Fundurinn var góður og mörg þörf málefni eldri borgara rædd. Umræður voru góðar og gagnlegar. Rætt var um fasteignagjöld og mikinn mun á milli sveitarfélaga hvað varðar afsláttarreglur. Stjórn FEBRANG mun óska eftir fundi sveitarstjórnarmanna með haustinu. Svavar Hauksson mun taka saman upplýsingar varðandi afsláttarreglur og fasteignagjöld. Stefnt er að því að hafa sveitaball FEBSUÐ í Flóa 10. Eða 11. Apríl nk. Nánar auglýst síðar.
4. Jónsmessuhátíð verður þann 26. Júní nk í Gunnarshólma. Finnur hefur fengið tilboð frá Grillvagninum. Stjórn samþykkir að valið standi um þrjá matseðla á 6700 kr. Skemmtinefnd mun taka endanlega afstöðu á næsta fundi sem

verður 03/03/2026. Stjórn samþykkir einnig að skemmtinefnd finni hljómsveit/söngatriði fyrir 250.000 kr. Miðaverð verður 8500 kr. Skemmtinefnd sér um að finna aðila til að sjá um kaffi, frágang og ýmislegt sem snýr að hátíðinni. Hámark 50.000 kr fyrir þá/þann sem vill taka það að sér.

5. Stjórn samþykkir að setja inn auglýsingu varðandi öldungaráð.
6. Stjórn samþykkir að greiða fyrir kennslu í sundleikfimi í sumar.
7. Önnur mál.
8. Næsti fundur stjórnar verður 23/03/2026 kl 11.

Fundi slitið kl. 15